



## Áhersla stjórnvalda sérkennileg

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF, bendir á að hafa þurfi í huga að bankarnir séu að stórum hluta í eigu almennings þegar hugmyndir um aukna skattheimtu á fjármálakerfið séu viðaðar. » 2-4



## Raunhæf leið til hagvaxtar

Jón Guðni Ómarsson, formaður SFF, segir tækifæri til að styrkja samkeppnishæfni fjármálakerfisins og undirstöður hagkerfisins með því að efla fjártækni og gervigreind. » 12

# SFF DAGURINN 2026

MIDVIKUDAGURINN 15. APRÍL 2026

Viðskiptablaðið



# Ísland 2036

## Fjártæknieyjan og framtíðin



Hið opinbera hefur hlutverki að gegna til að stuðla að skilvirkri miðlun sparnaðar og í þeim efnum er ríkisstjórnin að taka stór skref.

Daði Már Kristófersson  
Fjármála- og efnahagsráðherra.

» 18



## Gert vel á erlendri grundu

Íslensk fjártæknifyrirtæki hafa náð eftirtektarverðum árangri erlendis á undanförunum árum að sögn Ernu Björnsdóttur, fagstjóra hugvits og tækni hjá Íslandsstofu. » 6-8



## Fjölbreytileiki er lykillinn

Marínó Tryggvason, stofnandi ARMA Advisory, segir íslenskan fjármálamarkað lítinn og einsleitán. Vandinn sé kerfislægur en hann bendir á leiðir til úrbóta. » 16-17

## Öflugur fjártæknigeiri

Í nýrri skýrslu Northstack kemur fram að íslensk fjártæknifyrirtæki hafi skilað um 9 milljarða króna hagnaði á árinu 2024. Ísland er með hæsta hlutfall fjártæknifyrirtækja á hvern íbúa á Norðurlöndum. » 11-12



# Aukin skattheimta illa ígrunduð hugmynd

Háir og sértækir skattar á fjármálfyrirtæki eru til þess fallnir að veikja samkeppnisstöðu Íslands og geta til lengri tíma haft áhrif á lífskjör, að sögn framkvæmdastjóra SFF. Hugmyndir um svokallaðan „verðbóluskatt“ séu afar illa ígrundaðar. Hafa þurfi í huga að bankarnir séu að mestu í beinni og óbeinni eigu almennings, sem sitji uppi með aukna skattbyrði. Tekjur ríkisins af fjármálageiranum síðustu ár hlaupa á hundruðum milljarða króna.

FANNDÍS BIRNA LOGADÓTTIR  
fanndis@vb.is

Í dag er íslenskt fjármálakerfi að mestu leyti í eigu almennings, bæði í gegnum beina eignaraðild sem hluthafar og óbeina aðild í gegnum lífeyrissjóði og ríkissjóð. Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu, segir því ljóst að almenningur hafi verulega hagsmuni af því að fjármálakerfið sé vel rekið og umhverfi þess tryggi samkeppnishæfni.

„Við höfum borið gæfu til þess að taka fjölmörg jákvæð skref til að tryggja samkeppnishæfni okkar gagnvart helstu nágrannaríkjum okkar. Síðustu ár hafa íslenskar aðstæður þó verið með þeim hætti að við erum með flesta skatta á bankana, auk þess sem þeir eru hæstir, þegar við horfum til þeirra ríkja sem við berum okkur saman við. Slíkar aðstæður eru til þess fallnar að veikja samkeppnishæfni Íslands, sem mun til lengri tíma geta veikt lífskjör hérlandis,“ segir Heiðrún.

Hún vísar einnig til þess að óvaxtaberandi bindiskylda hér á landi sé 3% á meðan hún sé 1% í nágrannaríkjunum, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi sagt að sé í reynd ígildi skattlagningar á banka, auk þess sem eiginfjárkröfur í reynd séu mun hærri.

„Ofangreint, auk smæðar hagræðisins, leiðir til þess að við búum ekki við samkeppnishæf vaxtakjör og hefur þetta verið tekið saman í svokallað Íslandsálag sem tilgreint var í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem fjármálaráðuneytið gaf út árið 2018,“ segir Heiðrún.



Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF.

MYND/BIG

## Lykill að auknum hagvexti

- Að sögn Heiðrúnar er mikil gerjun í gangi á sviði fjártækni, þar sem Ísland getur verið framarlega í nýsköpun og stafrænum lausnum til að tryggja enn hagkvæmari rekstur bankanna. Íslenskir bankar hafi þegar náð verulegri hagræðingu með þróun sjálfvirkni og tæknivæðingu, og hefur þannig framleiðni aukist verulega á hvern starfsmann.

Hærrí skattar séu þó meðal annars til þess fallnir að draga úr getu bankanna til að fjárfesta í nýsköpun og stafrænum lausnum, sem gæti leitt til þess að Ísland dragist verulega aftur úr í alþjóðlegri samkeppni og minnki möguleika til að laða að fjármálfyrirtæki frá öðrum löndum. Það skipti sköpum að stjórnvöld horfi til framtíðar.

„Fjármálaþjónusta hefur verið og mun vera lykill að auknum hagvexti og betri lífskjörum á Íslandi næsta áratuginn, en það er nauðsynlegt að hún sé nýtt á skynsaman og framsækinn hátt. Með því að efla nýsköpun og innleiða tæknilausnir á borð við fjártækni og gervigreind má gera bankakerfið aðgengilegra og skilvirkara fyrir fyrirtæki og einstaklinga,“ segir Heiðrún.

## Greiða þrjá sértæka skatta

Í dag eru þrjú sértækir skattar lagðir á fjármálfyrirtæki sem önnur fyrirtæki á Íslandi greiða ekki, en því til viðbótar greiða fjármálfyrirtæki eftirlitsgjald vegna rekstrar Fjármálaeftirlitsins og gjald til að fjármagna rekstur embættis Umboðsmanns skuldara. Þessir sértæku skattar eru svokallaður bankaskattur.

Um er að ræða 0,145% skatt á skuldir fjármálfyrirtækja umfram 50 milljarða króna, fjár-

sýsluskatt af launakostnaði sem nemur 5,5% af greiddum launum sem kemur til viðbótar við 6,35% tryggingargjald og svo er loks sérstakur fjársýsluskattur sem nemur 6% af hagnaði umfram 1 milljarð króna sem bætist ofan á hefðbundinn 20% tekjuskatt sem fjármálfyrirtæki greiða eins og önnur fyrirtæki.

Í heild námu sértækir skattar og gjöld um 21 milljarði króna í fyrra hjá viðskiptaböndunum fjórum og váttryggingafyrir-

# 21

Í fyrra námu sértækir skattar og gjöld hjá viðskiptaböndunum og váttryggingafyrirtækjunum um 21 milljarði króna.

tækjunum fjórum. Á síðustu fimm árum nemur upphæðin 102 milljörðum króna að núvirði, eða 88 milljörðum á verðlagi hvers árs. Þessu til viðbótar greiddu bankarnir yfir 30 milljarða króna í hefðbundinn tekjuskatt í fyrra.

## Óljóst hvernig skattheimtu verður háttáð

Í fjármálaáætlun sem fjármálaráðherra kynnti í lok síðasta mánaðar komu fram áform um aukna skattheimtu á fjármálfyrirtæki, án þess að það hafi verið skilgreint nánar. Framkvæmdastjóri þingflokks Samfylkingarinnar fullyrkti opinberlega að sú skattheimta ætti að færa ríkissjóði sex milljarða



# Tryggingar hjá Landsbankanum

Nú getur þú einfaldað þér heimilisreksturinn og daglega lífið með því að kaupa tryggingar hjá Landsbankanum.

Vátryggt hjá TM – Við erum betri saman

Landsbankinn.is

króna en fjármálaráðherra tók síðar fram að málið væri á hugmyndastigi og að útfærslan lægi ekki fyrir. Fjármálaráðherra hafði áður sagt í viðtali að til skoðunar væri að skattleggja hagnað banka vegna verðbólgu sem hefði verið meiri en reiknað var með.

„Ríkisstjórn Íslands, með flokkum sem lofuðu fyrir kosningar að hækka ekki skatta á almenning og fyrirtæki, hefur nú boðað aukna skattheimtu sem er ýmist orðuð á „fyrirtæki í fjármálaþjónustu“ eða á „bankana“. Óljóst er hvernig þessi umtalsverða boðaða skattahækkun verður útfærð, hvort um er að ræða tímabundna eða varanlega skattheimtu og að hverjum hún beinist, enda eru mörg fyrirtæki í fjármálaþjónustu, ekki eingöngu bandar,“ segir Heiðrún. Þá sé óljóst á hvaða skattstofni eigi að byggja, enda séu áhrif verðbólgu á afkomu banka margvísleg.

„Að setja enn einn sértækan skatt á fjármálakerfið eða hækka núverandi skatta virðist afar illa ígrunduð hugmynd, svo ekki sé fastar að orði kveðið.“

Samanburður á afkomu við nágrannalöndin eða arðsemismarkmið sem Bankasýsla ríkisins setti bönkum í eigu ríkisins bendi þá ekki til þess að reksturinn hafi notið einhvers sem kalla mætti hvalreka. Bankarekstur sé í eðli sínu sveiflukenndur og horfurnar í bankarekstri geti breyst hratt þegar verr árar í efnahagslífinu.


### Hundruð milljarða í tekjur til ríkisins

Heiðrún bendir á að ríkið hafi haft verulegar tekjur af fjármálageiranum síðustu ár, bæði sem stærsti einstaki eigandi banka hér á landi og af almennum og sértækum sköttum á greinina. Frá árinu 2021, fyrsta heila árinu eftir lækkingu svonefnds bankaskatts, hafa tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga af bönkum og tryggingafélögum numið um 710 milljörðum króna að núvirði, þar af ríflega helmingur vegna eignarhalds og tæplega helmingur vegna skatttekna.

Ríkið seldi hlut sinn í Íslandsbanka fyrir 234 milljarða að núvirði í núverandi skattaumhverfi og hefur þar að auki fengið 145 milljarða í arð frá Íslandsbanka og Landsbankanum frá árinu 2021. Auk þess má áætla að skatttekjur ríkisins af starfsemi bankanna, að meðtöldum skattgreiðslum vegna launa, hafi numið um 330 milljörðum króna að núvirði á þessu fimm ára tímabili, þar af yfir 100 milljarðar að núvirði vegna sértæka skatta og gjalda á fjármálafyrirtæki sem ekki eru lagðir á aðrar atvinnugreinar hér á landi. Um 90 milljarðar vegna

## Eignarhald á bankakerfinu fyrir og eftir sölu ríkisins á Íslandsbanka árið 2025

— samkvæmt hluthafalistum bankanna




\* Erlendir aðilar sem eiga meira en 1%

\*\* Geta líka verið einstaklingar í gegnum eignarhaldsfélög og verðbréfasjóði

## Tekjur ríkis og sveitarfélaga af starfsemi banka og tryggingafélaga frá 2021

— að núvirði á verðlagi mars 2026 í milljörðum króna



Heimild: Ársreikningar fjármálafyrirtækja, Ríkisreikningur, Skatturinn og Hagstofa Íslands.

skatta tengdum launum og um 140 milljarðar í hefðbundinn tekjuskatt lögaðila.

„Það er því vandséð að ríkið hafi ekki haft nægar tekjur af fjármálageiranum og hefðum við talið heppilegra að leitað væri annarra leiða en að ráðast í frekari skattheimtu,“ segir Heiðrún.

### Bitnar á almenningi

Það sé að einhverju leyti sérkennilegt hversu mikil áhersla sé lögð á sértæka skattheimtu í ljósi þess að viðskiptabankarnir séu að mestu í beinni og óbeinni eigu almennings. Um 11% bankakerfisins séu í beinni eigu einstaklinga en almenn-ingur eigi einnig 29% í gegnum lífeyrissjóði og 39% í gegnum ríkissjóð, alls 78%. Því til viðbótar eigi fjöldi einstaklinga einnig óbeint í bönkum, til að mynda í gegnum verðbréfasjóði. Það sé því nokkuð ljóst hverjir sitji uppi með aukna skattbyrði.

„Að undanfögnu hafa stjórn-

”

Kárnar nú gamanið þegar við bætist óstöðugleiki og ófyrirsjáanleiki stjórnvalda annars vegar og hærri skattar hins vegar.

Heiðrún Jónsdóttir,  
framkvæmdastjóri SFF.

völd einnig sagst vilja grípa til aðgerða til að skapa hagfelldara lánaumhverfi fyrir almenning. Við erum meira en tilbúin að leita lausna í þeim efnunum og stóðum til að mynda fyrir ráðstefnu með frambjóðendum fyrir síðustu kosningar um slíkt. Það verður ekki séð hvernig þessi boðaða skattahækkun er til þess fallin að styðja við þá vegferð,“ segir Heiðrún.

Tímasetningin sé einnig afar óheppileg en það er ekki nema ár

síðan ríkissjóður seldi hlut sinn í Íslandsbanka.

„Ekkert í kringum sölnuna benti til þess að ríkisstjórnin myndi boða frekari skattlagningu á bankana innan við ári síðar. Ljóst er að með frekari skattlagningu er verið að rýra eign hluthafa í bönkunum, þar með talið þeirra sem keyptu hluti af ríkissjóði í góðri trú, en einnig rýra verðmæti eignarhlutar ríkisins í Landsbankanum,“ segir Heiðrún.

Þegar kemur að erlendra fjárfestingu hafi smæð markaðarins og þyngri álogur dregið úr því að erlent fjármagn komi inn á íslenskan fjármálamarkað, en slíkar fjárfestingar séu til þess fallnar að styrkja samkeppnishæfnina og fjölbreytileika.

„Kárnar nú gamanið þegar við bætist óstöðugleiki og ófyrirsjáanleiki stjórnvalda annars vegar og hærri skattar hins vegar. Allt er þetta mannanna verk sem hægt er að vinda ofan af ef vilji er fyrir hendi,“ segir Heiðrún.



# NÁÐU ÞÍNU

## eigin toppi

með nýrri Vildarþjónustu Íslandsbanka



Erna Björnsdóttir, fagstjóri hugvits og tækni hjá Íslandsstofu, segir þá óvissu sem nú ríkir í alþjóðamálum fela í sér áskoranir en jafnframt tækifæri fyrir íslensk fjártækniyrirtæki. VB MYND/EYBÓR

# Náð eftirtektarverðum árangri erlendis

Erna Björnsdóttir, fagstjóri hugvits og tækni hjá Íslandsstofu, segir íslensk fjártækniyrirtæki hafa náð eftirtektarverðum árangri á erlendri grundu á undanförunum árum. Hún telur nýja skýrslu Northstack um stöðu og tækifæri í íslenskri fjártækni veita dýrmætt yfirlit yfir greinina og fyrirtækin innan hennar.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED  
sveinn@vb.is

Íslensk fjártækniyrirtæki hafa náð eftirtektarverðum árangri erlendis á undanförunum árum að sögn Ernu Björnsdóttur, fagstjóra hugvits og tækni hjá Íslandsstofu. „Þau eru að vinna í regluhverfi sem er sambærilegt umhverfinu í ríkjum Evrópusambandsins og því er auðvelt að innleiða íslenskar lausnir á þeim stóra markaði. Ríflega helmingur heildartekna í greininni kemur frá útflutningi og ég held að með samstarfi fyrirtækjanna og aðila

## Mestir vaxtarmöguleikar í hugviti og tækni

● Fjártækni er hluti af hugverkaiðnaði sem vaxið hefur verulega hér á landi á undanförunum árum. Spurð um hversu mikilvægu hlutverki hugverkaiðnaðurinn gegnir við að stuðla að aukinni verðmætasköpun til framtíðar á Íslandi segir Erna að samkvæmt útflutningsstefnu landsins sé hugvit og tækni sá útflutningsgeiri sem þyki hafa mesta vaxtarmöguleika til framtíðar. „Við eigum sterkar greinar útflutnings sem byggst hafa upp af

náttúruauðindum okkar og eru og hafa verið undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Forsenda aukinnar verðmætasköpunar er að auka breiddina í íslensku efnahagslífi og styrkja fleiri stöðir. Hugverkaiðnaður hefur vaxið hratt á undanförunum árum og sterk fyrirtæki orðið til. Það er mikilvægt að allir leggist á eitt um að hlúa að og búa hugvitsdrifnum fyrirtækjum þær aðstæður sem tryggja áframhaldandi vöxt.“

í stuðningsumhverfi þeirra – þar á meðal Íslandsstofu – náist slagkraftur til að gera enn betur.“

Að því sögðu fylgi þeirri óvissu sem nú ríkir í heiminum bæði áskoranir og tækifæri í erlendri markaðssókn. „Aðgengi að fjármagni erlendis, sem ekki hefur verið með besta móti á allra síðustu árum, gæti versnað enn, þar sem það er í auknum mæli að leita í öryggis- og varnarmál. Að sama skapi eru fjármálakerfi meðal þeirra innviða sem þarf að tryggja á óvissutímum sem þessum og þar

”

Að sama skapi eru fjármálakerfi meðal þeirra innviða sem þarf að tryggja á óvissutímum sem þessum og þar gætu falist tækifæri fyrir íslensk fjártækniyrirtæki.

Erna Björnsdóttir, fagstjóri hugvits og tækni hjá Íslandsstofu

gætu falist tækifæri fyrir íslensk fjártækniyrirtæki,“ segir Erna.

Hún telur stöðu fjártækni-geirans á Íslandi heilt yfir sterka. „Opinber stuðningur við rannsóknir og þróun nýtist þessum fyrirtækjum, en góðar tengingar milli allra aðila í umhverfinu; fjármálafyrirtækja, fjárfesta og eftirlitsaðila, og aðgengi að hæfu starfsfólki eru meðal lykilþátta að velgengi þeirra. Það gefur fjártækniyrirtækjum einstakt tækifæri til að þróa og prófa lausnir í samstarfi við helstu hagaðila og að hlaupa hratt.“



vís

# Þú tryggir vönduð vinnubrögð, við tryggjum fyrirtækið

Í fyrirtækjarekstri er mikilvægt að huga reglulega að tryggingaverndinni. Við vitum að allt getur gerst í síbreytilegu rekstrarumhverfi þar sem ýmislegt getur komið upp á. Hafðu samband til að yfirfara tryggingamálin hjá þínu fyrirtæki og saman tryggjum við nauðsynlega vernd fyrir reksturinn.



Fyrirtækjategyggingar





Að sögn Ernu er það fyrst og fremst hlutverk Íslandsstofu að styðja við fyrirtæki og stuðla að því að hér á landi verði til auknar gjalddeyrstekjur.

VB MYND/EYÞÓR

Hún bendir á kostina sem felast í því að á Íslandi sé hægt að prófa lausnir á smáum markaði sem sé mjög tæknivæddur og kalli um leið stöðugt eftir nýjum lausnum. „Fjármálafyrirtæki hér á landi eyða enda meira í tæknimál en sambærileg fyrirtæki annars staðar í Evrópu. Fyrirtæki í greininni eru einnig að nýta gervigreind til að auka samkeppnishæfni með því að lækka kostnað, skerpa á ferlum og þróa nýjar lausnir.“

#### Dýrmætt yfirlit yfir fjártæknigeirann

Á SFF-deginum verður ný skýrsla Northstack fyrir SFF og Íslandsstofu um stöðu og tækifæri í íslenski fjártækni gefin út

og kynnt. Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, stofnandi Northstack, fer yfir efni og helstu niðurstöður skýrslunnar í viðtali hér aftar í blaðinu. Spurð hvernig skýrslan muni nýtast Íslandsstofu við að styðja við markaðs-sókn íslenskra fjártæknifyrirtækja erlendis segir Erna að kortlagning á fjártækni á Íslandi veiti dýrmætt yfirlit yfir greinina og fyrirtækin innan hennar.

„Á síðasta ári stóð Íslandsstofa fyrir gerð sambærilegrar kortlagningar á lífvísindum. Svona greiningar eru mikilvægar til að draga fram stöðu og styrkleika íslenskra fyrirtækja og styðja við söguna um Ísland sem land nýsköpunar og tækni. Þær nýtast mjög vel í ýmsar markaðs-

aðgerðir þar sem markmiðið er m.a. að auka vitund og vekja áhuga erlendra fjárfesta og sérfræðinga á Íslandi.“

Þessar greiningar séu ekki síður mikilvægar fyrir innra markaðsstarf gagnvart stjórnvöldum og almenningi. „Þær varpa ljósi á greinar sem fólk hefur kannski takmarkaða þekkingu á, sýnir stærð þeirra og mikilvægi í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti, og staðfestir í þessu tilviki fjártækni sem eina af styrkum stöðum hugverkaiðnaðar á Íslandi,“ segir Erna.

#### Stuðla að auknum gjalddeyrstekjum

Aðspurð segir Erna að hlutverk Íslandsstofu sé að styðja við

“

Svona greiningar eru mikilvægar til að draga fram stöðu og styrkleika íslenskra fyrirtækja og styðja við söguna um Ísland sem land nýsköpunar og tækni.

Erna Björnsdóttir, fagstjóri hugvits og tækni hjá Íslandsstofu

fyrirtæki og stuðla að því að hér á landi verði til auknar gjalddeyrstekjur, hvort sem það sé vegna beinnar sölu á vörum og þjónustu, erlendra fjárfestinga eða heimsóknnum ferðamanna. „Auk þess að veita ráðgjöf og upplýsingar í samstarfi við ráðgjafa og viðskiptafulltrúa í sendiráðum Íslands erlendis, snýst hlutverk okkar að miklu leyti um að búa til vettvang á viðburðum erlendis þar sem íslensk fyrirtæki hitta mögulega samstarfsaðila, þar á meðal fjárfesta. Þetta eru ýmist viðburðir sem við skipuleggjum sjálf í samstarfi við aðra, eins og stefnumót íslenskra fyrirtækja og bandarískra fjárfesta sem haldið var í Bandaríkjunum á síðasta ári, eða þátttaka í ýmiss konar tækniráðstefnum, svo sem Slush og TechBBQ.“


Þá hafi Íslandsstofa undanfarin ár haldið utan um sendinefnd fjártæknifyrirtækja á Nordic Fintech Week í Kaupmannahöfn, í samstarfi við Reykjavík Fintech. „Þar hafa einhver fyrirtæki verið með litla bása, boðið hefur verið í móttökur og fulltrúar íslensku fyrirtækjanna eru eftirsóttir ræðumenn á sviði. Nú er hafinn undirbúningur fyrir Nordic Fintech Week í september, m.a. um hvernig niðurstöðum kortlagningarinnar verður best komið á framfæri þar.“

Þar að auki sé Íslandsstofa samstarfsaðili Iceland Innovation Week, sem sé mikilvægasti vettvangur á Íslandi til að kynna innlenda nýsköpun. „Fjöldi erlendra gesta sækir hátíðina heim árlega og Íslandsstofa vinnur með skipuleggjendum annars vegar að fjárfestadeginum þar sem fjöldi erlendra sjóða tekur þátt, og hins vegar að komu fjölmiðlafólks til landsins. Í blaðamannaheimsókninni árið 2023 var sérstök áhersla á fjártækni, auk leikjaíðnaðar, og birtist í kjölfarið fjöldi verðmætra umfjallana í erlendum miðlum, m.a. Forbes. Sama ár bauð Íslandsstofa einnig til landsins fulltrúum Nordic Fintech Magazine til að gera efni um fjártækni á Íslandi.“

# Traust er dýrmætasti gjaldmiðillinn.

Signicat

Örugg stafræn auðkenning er  
undirstaða nútíma fjármálaþjónustu.



Öflugt fjármálakerfi byggir á trausti. Signicat tryggir að samskipti fyrirtækja og viðskiptavina séu áreiðanleg og örugg, allt frá stofnun nýrra reikninga til flókinna lánaviðskipta. Við sjáum um öryggið svo þið getið einbeitt ykkur að vextinum.

# Fjártæknigeirinn vex og

Íslensk fjártækniyrirtæki skiluðu samanlagt um 9 milljarða króna hagnaði á árinu 2024. Ísland er með hæsta hlutfall fjártækniyrirtækja á hvern íbúa á Norðurlöndum, sem endurspeglar sterka stöðu fjártæknigeirans hérlandis. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Northstack.

TRAUSTI HAFLIDASON  
trausti@vb.is

**N**ý skýrsla, Íslensk fjártækni 2026 – Staða og tækifæri, verður kynnt á SFF deginum í dag. Skýrslan er unnin af Northstack fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Íslandsstofu. Höfundar skýrslunnar eru þau Eszter Czibor og Kristinn Árni Lár Hróbjartsson hjá Northstack.

Skýrslan er mjög ítarleg, en í henni er fjallað um rekstrarumhverfi eða vistkerfi fjártækniyrirtækja (e. Fintech ecosystem) á Íslandi.

Samkvæmt skýrslunni starfa um 76 fjártækniyrirtæki á Íslandi og starfa um 930 manns hjá þessum fyrirtækjum. Þetta býðir að Ísland státar af flestum fjártækniyrirtækjum á hvern íbúa á Norðurlöndum. Nettó hagnaður greinarinnar nam um 9 milljörðum króna árið 2024. Athyglisvert er að í skýrslunni er bent á að um helmingur tekna íslensku fjártækniyrirtækjanna kemur frá erlendum mörkuðum, sem undirstrikar alþjóðlegt eðli greinarinnar.

## Styrkur í smæðinni

Eitt af því sem lögð er áhersla á í skýrslunni er að smæð íslensks hagkerfisins sé í raun styrkleiki þegar kemur að þróun fjártæknilausna. Íslandi er lýst sem „prófunarmarkaði“ þar sem hægt er að prófa nýjar vörur og þjónustu á afmörkuðum en þróuðum markaði áður en þær eru skaladar upp fyrir stærri alþjóðlega markaði.

Annar styrkleiki er hversu langt Ísland er komið í stafrænum lausnum. Nær öll samskipti við banka fara fram með rafrænum hætti og Ísland hefur um árabíl verið í fararbroddi hvað varðar innleiðingu rafrænna greiðslulausna. Þessir innviðir hafa því skapað kjöraðstæður fyrir nýsköpun í fjártækni.

## Góði tæknilegir innviðir

Í samtali við Viðskiptablaðið segir Kristinn að á Íslandi hafi að mörgu leyti verið búið til framúrskarandi umhverfi



## FJÁRTÆKNI Á ÍSLANDI

- 76 fjártækniyrirtæki í 10 flokkum.
- 930 starfsmenn árið 2024.
- Um 9 milljarða króna samanlagður hagnaður árið 2024.
- 55% tekna komu frá erlendum mörkuðum árið 2024.
- Ísland í 1. sæti á Norðurlöndum hvað varðar fjölda fjártækniyrirtækja á hvern íbúa.

Þrátt fyrir smæð hagkerfisins hefur byggst upp öflugur fjártæknigeiri á Íslandi.

## Frjór jarðvegur í kjölfar hrunsins

- Áhugavert er að skýrslan rekur rætur fjártækniþýlingarinnar að hluta til bankahrunsins árið 2008. Með hruninu hafi skapast þörf og tækifæri fyrir nýjar lausnir, sem legðu áherslu á gagnsæi, öryggi og skilvirkni. Margir frumkvöðlar í greininni komu fram á þessum tíma og hafa síðan byggt upp fyrirtæki sem starfa bæði innanlands og á alþjóðamörkuðum. Þessi arfleifð hefur mótað íslenska fjártækni að verulegu leyti og gefið henni ákveðna sérstöðu að því er fram kemur í skýrslunni.

Eszter Czibor segir að í bankahrununu hafi tvennt gerst. „Annars vegar losnaði, ef svo má að orði komast, fullt af mannauði úr hefðbundinni fjármálastarfsemi. Þetta var fólk sem gat snúið sér að nýsköpun, byggt á þeirri reynslu og þeim tengslum sem það hafði. Fyrirtæki á borð við Meniga og FiveDegrees komu beint í kjölfar bankahrunsins og stofnendur þeirra höfðu aflað sér reynslu úr bönkunum. Hins vegar hafði það áhrif á það hvers konar fyrirtæki fólk vildi búa til – sanngjarnari, öruggari og gagnsærri fjármálaþjónustur – byggt meðal annars af upplifun eftirhrunsáranna.“

fyrir nýsköpun og tækniþróun almennt, eins og komi fram í mörgum helstu hagvísnum og samanburðargreiningum.

„Í fyrsta lagi hafa á Íslandi verið hagfelld skilyrði til að þróa og prófa lausnir áður en haldið er lengra. Þar má meðal annars þakka áhugasömum neytendum með mikið fjármálalæsi, sem eru fljótir að tileinka sér nýjungar, sem og mjög gott aðgengi að fjármálaþjónustu, en Ísland er leiðandi á því sviði í heiminum. Í öðru lagi eru tæknilegir

innviðir fyrir stafrænar lausnir og slíkar fjártæknilausnir mjög góðir hérlandis og eftirlitsaðilar almennt jákvæðir í garð nýsköpunar. Og í þriðja lagi hefur geirinn þróast þannig að mikil tengsl eru á milli sprotafyrirtækja og fjármálaþjónustakjara. Þá hafa tengslin við erlenda og innlenda fjárfesta, sem og opinbera aðila, verið mikil.“

Spurður hvers vegna samstarf banka og fjártækniyrirtækja gangi betur á Íslandi en víða annars staðar svarar Kristinn:

„Við bendum á að smæð markaðar á Íslandi búi til skorður á tekjumöguleika banka innanlands og ákveðnar kröfur um hagræði, sem í mörgum tilfellum fæst með því að leita til samstarfs við nýsköpunarfyrirtæki frekar en að búa til nýjar lausnir innanhúss. Það sýnir sig í að allir bankarnir hafa reglulega ákveðið að stofna til formlegs samstarfs við nýsköpunarfyrirtæki til að auka vöru- og þjónustuframboð sitt frekar en að byggja nýja hluti upp innanhúss.“

Svo skiptir auðvitað lykilmáli hve stuttar og hraðar boðleiðirnar eru. Það tekur eitt eða tvö símtöl að komast í samband við þann sem getur tekið ákvörðun um samstarf við sprotafyrirtæki, sem er mjög ólíkt öðrum stöðum í heiminum.“


## Mikil breyting á einum áratug

Eins og kemur fram í skýrslunni starfa um ríflega 900 manns í fjártæknigeiranum hérlandis og um helmingur tekna kemur að utan.

„Tekjur á hvern starfandi einstakling eru sömuleiðis



# styrkist á Íslandi



VB MYND/ADSEND



Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, hjá Northstack.

nokkuð háar, sem er gott og bendir til að um háa framleiðni sé að ræða, atriði sem stjórnvöld leggja mikla áherslu á um þessar mundir,” segir Kristinn.

„En ávinningurinn felst ekki bara í hagtolum, heldur einnig þjónustunni, þægindunum og virðinu, sem lausnirnar búa til fyrir viðskiptavinina. Ég veit allavega fyrir mig að það er mun auðveldara að reka t.d. litlar einingar eins og Northstack í dag með hjálp allra þeirra fjártækni-lausna en þegar við vorum að byrja. Auðveldir rafrænir reikn-



Eszter Czibor, hjá Northstack.

ingar, hálfjálfríkt bókhald, áskrift og styrkir með einum smelli, allt utanumhald í símanum – ekkert af þessu var raunin þegar við vorum að byrja fyrir 10 árum.“

## Ísland er stafrænt samfélag

Eins og komið hefur fram nam hagnaður fjártækni-geirans um 9 milljörðum króna árið 2024. Spurð hvort þetta sé merki um þroska geirans eða hvort hann sé enn í uppbyggingarfasa svarar Eszter Czibor: „Eins

og fram kemur í skýrslunni skiptum við fjártækni niður í margar tegundir lausna. Greiðslur, regluvörslu, bálka-keðjutækni, lánastarfsemi og fleira. Hlutar innan fjártækni-geirans eru því komnir lengra en aðrir, t.d. greiðslumiðlunin. Þegar hagnaðurinn byrjar að skila sér er það merki um þroska að því leyttinu til að það er talin betri nýting fjármuna að skila hagnaði en að fjárfesta í vexti eða nýrri þjónustu og vörum.

Ef maður hugsar um geirann í heild sinni megum við ekki sækjast eftir því að öll félögin einblíni á það heldur þarf að vera gott jafnvægi. Ég get ekki svarað því núna hvort geirinn er í fullkomnu jafnvægi að þessu leyti en það er nokkuð sem við gætum skoðað betur í annarri greiningu.“

Skýrslan bendir til þess að næsta vaxtarskeið fjártækni á Íslandi muni einkennast af aukinni notkun gervigreindar og opnum bankalausnum. Gervigreind getur meðal annars verið notuð til að bæta áhættumat, sjálfvirknivæða þjónustu og greina hegðun viðskiptavina.

Opnir bankar skapa einnig ný tækifæri með því að gera þriðju aðilum kleift að þróa þjónustu ofan á bankakerfið. Þetta getur aukið samkeppni og stuðlað að nýsköpun, en krefst þess jafnframt að regluverk sé skýrt.

„Ísland er mjög stafrænt samfélag og Íslendingar mjög tengdir,“ segir Eszter. „Þar af leiðandi er mikið af gögnum til staðar, sem búa til kjöraðstæður fyrir nýsköpun á sviði hagnýtingar gervigreindar, svo dæmi sé tekið. Það, auk reynslunnar sem komin er í samstarfi milli stærri banka- og fjármálastofnana annars vegar og nýsköpunarfyrirtækja hins vegar, býr til umhverfi sem veitir mögulega forskot í ákveðinn tíma.“

Þrátt fyrir jákvæða þróun er einnig bent á ákveðnar áskoranir í skýrslunni. Þar má nefna takmarkað aðgengi að fjármagni á sumum stígum og samkeppni um hæft starfsfólk. Þá getur regluverkið bæði verið hvati og hindrun. Þó að Ísland hafi þróað skilvirkt kerfi þarf stöðugt að laga það að nýjum lausnum og alþjóðlegum kröfum.

# Ísland sem fjártækneyja

## – raunhæf leið til aukins hagvaxtar

Undanfarin ár hafa fjártækni og gervigreind umbreytt fjármálaþjónustu víða um heim. Sjálfvirkar lausnir leysa oftar af hólmi verk sem áður útheimtu aðkomu starfsfólks og gátu verið bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Í þessari þróun skapast einstakt tækifæri fyrir lítil, tæknivædd hagkerfi með sterka innviði og gott aðgengi að vel menntuðu starfsfólki. Ísland er eitt þeirra.

Ef Ísland ætlar að standa undir auknum kröfum um opinbera þjónustu, bætt lífsskjör og fjárfestingu næsta áratuginn verður hagvöxtur að byggja í auknum mæli á þekkingu, tækni og skilvirkni. Fjármálaþjónusta gegnir þar lykilhlutverki. Ekki eingöngu sem sjálfstæður vaxtarbroddur heldur sem grunninnviður sem styður við allt efnahagslífið.

### Öflugt fjármálakerfi er forsenda hagvaxtar

Öflugt og sterkt fjármálakerfi er forsenda hagvaxtar. Aðgangur að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum, skilvirk greiðslumiðlun og traust áhættumat eru lykilþættir í fjárfestingum fyrirtækja og verðmætasköpun. Fjártækni og gervigreind bjóða upp á raunhæfar leiðir til að bæta og efla þessa þætti.

Aukin sjálfvirkni og betri nýting gagna geta lækkað rekstrarkostnað, hraðað afgreiðslu lánaákvæðana, dregið úr útlánatöpum og eflt samkeppni. Slík þróun hefur bein áhrif á heimili og fyrirtæki í formi betri kjara og minni kostnaðar.

Þetta er sérstaklega mikilvægt í litlu hagkerfi þar sem fastur kostnaður vegur þungt og stærðarhagkvæmni er takmörkuð. Með fjártækni er unnt að minnka byrðar þessara þátta og færa þjónustuna nær alþjóðlegum viðmiðum.

### Gervigreind sem hagræðing, ekki ógn

Í umræðunni um gervigreind hallar oft á dramatík. Staðreyndin er sú að með markvissri innleiðingu gervigreindar í fjármálaþjónustu samtímans ætti að vera hægt að taka betri ákvarðanir með lægri tilkostn-



Jón Guðni Ómarsson



Forgangsroðun og fjárfesting í innviðum gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að móta framtíðarsýn.

aði og á skemmri tíma. Gervigreindarlíkön geta gert láns-hæfismat nákvæmara, styrkt varnir gegn svikum og einfaldað regluvörslu, sem annars er bæði tímafrek og kostnaðarsöm.

Reglu- og eftirlitskröfur eru síst minni hér á landi en í stærri ríkjum, en kostnaðarbyrði regluverks og eftirlits vegur hlutfallslega þyngra. Lausnir sem byggja á gervigreind og sjálfvirkni geta því verið ein áhrifaríkasta leiðin til að halda kostnaði niðri, án þess að slakast á kröfum um öryggi og gagnsæi. Þannig mætti bæta samkeppnishæfni landsins.

Þá má einnig horfa til persónubundinnar fjármálaþjónustu. Stafræn ráðgjöf og sjálfvirkar sparnaðar- og fjárfestingarlausnir geta aukið fjármálalæsi og styrkt fjárhagsstöðu heimila til lengri tíma. Slíkt getur haft mikil áhrif á lífsskjör almennings í landinu.

### Forgangsroðun verkefna er mikilvæg

Ef ætlunin er að Ísland standist löndum sem við berum okkur saman við snúning, í framþróun á sviði fjártækni og við innleiðingu gervigreindar í fjármálaþjónustu þarf skýra stefnu og samkomulag um forgangsroðun á þessu sviði. Forgangsroðun og fjárfesting í innviðum gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að móta framtíðar-

sýn. Ef markmiðið er að auka framleiðni og lækka kostnað í hagkerfinu þarf að setja skýr verkefni í forgang þar sem tækni skilar mælanlegri skilvirkni, bæði þegar kemur að tíma og peningum.

Gott dæmi um verkefni sem mikilvægt er að komist á hér á landi sem fyrst er setning löggjafar um rafrænar skulda- viðurkenningar. Umtalsverð skilvirkni yrði fólgin í því og löngu tímabært að nauðsynlegar breytingar séu gerðar á löggjöf svo einfalda megi ferlið við lántöku og þinglýsingu skjala, frá upphafi til enda. Flest þau sem keypt hafa fasteign hér á landi þekkja ferlið sem getur tekið marga daga frá upphaflegri umsókn um húsnæðislán þar til kemur að útgreiðslu þess, ekki síst vegna formkragna laga um afhendingu frumskjala á pappírformi til sýslumanns. Þegar rafrænar skuldaviðurkenningar verða að veruleika má stytta heildarferlið niður í 1-3 daga. Slíkt leiðir ekki eingöngu til aukinnar skilvirkni fyrir fjármálakerfið og viðskiptavinum, heldur minnkar það handavinnu, bílferðir með frumrit milli staða og álag á stjórnslu en eykur á sama tíma fyrirsjáanleika fyrir heimili, fyrirtæki og fjármálakerfið.

Innviðafjárfesting af þessu tagi skilar sér því beint í bættum lífsskjörum með tímasparnaði, minni óvissu og skilvirkara flæði fjármagns. Ísland stendur á mörgum sviðum framfarlega þegar kemur að bæði stafrænni fjármálaþjónustu og stafrænni stjórnslu. Með einföldum hætti mætti gera enn betur.

### Skattastefna sem vinnur gegn markmiðum

Í þessu samhengi er ástæða til að staldra við áform stjórnvalda um hækkun skatta á fjármálafyrirtæki. Tiðindin komu mjög á óvart og erfitt að sjá hvernig hægt er að réttlæta enn hærri skatta á fjármálafyrirtæki hér á landi. Bankar á Íslandi greiða þegar hærri skatta en bankar í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við og greiða þegar margvíslega sértæka

skatta sem ekki leggjast á aðrar atvinnugreinar.

Samkeppni á innlendum bankamarkaði er mikil og stöðug. Það er þó ekki eina samkeppnin sem íslenskir bankar standa frammi fyrir. Ekki má gleyma harðri samkeppni þeirri við erlenda banka um útlán til fyrirtækja hér á landi. Með auknum álögum á íslenska banka minnkar samkeppnishæfni þeirra á því sviði og þar með samkeppnishæfni landsins í heild.

Aukin óvissa um opinberar álögur og umfang þeirra er líkleg til að draga úr svigrúmi til fjárfestinga þegar kemur að innleiðingu nýrrar tækni og getur þannig hægt á þróun á einni mikilvægust undirstöðugrein hagkerfisins.

Áform um aukna skattheimta og skortur á fyrirsjáanleika í stefnu stjórnvalda þegar kemur að skattlagningu veldur óvissu sem getur verið dýru verði keypt. Óvissa um útfærslu og framkvæmd skattbreytinga getur þannig haft bein áhrif á mat á áhættu í fjármálakerfinu í heild. Slík óvissa er einn af þeim þáttum sem alþjóðleg matsfyrirtæki horfa til við mat á lánsþæfi bankanna og íslenska ríkisins.

### Tækifæri sem skiptir máli

Ísland stendur frammi fyrir því eftirsóknarverða tækifæri að geta nýtt innlenda nýsköpun og þann drifkraft sem býr í íslensku samfélagi til að efla fjártækni og gervigreind markvisst til að auka gæði og lækka kostnað í fjármálaþjónustu. Slíkt hefði í för með sér jákvæð áhrif á hagvöxt og lífsskjör almennt.

Til að svo megi verða þarf skýra stefnu og samhent átak, stöðugt regluumhverfi og skattkerfi sem styður við fjárfestingar í tækni fremur en að draga úr þeim. Fjártækni og innleiðing gervigreindar eru ekki töfralausnir, en í þeim felast skýr tækifæri sem Ísland getur nýtt til að styrkja samkeppnishæfni fjármálakerfisins og undirstöður hagkerfisins næsta áratuginn.

# Örugg eyðing gagna



Hvað gerir þú við gamla farsímann?

Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?

Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?

Hvað verður um skjölin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

**Hafðu samband!**

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



## GAGNAEYÐING

# Garðaskóli er sigurvegari Fjármálaleikanna 2026

Garðaskóli fór með sigur af hólmi í Fjármálaleikunum í ár og keppir fyrir Íslands hönd í Evrópukeppni ungmenna í fjármálalæsi í næsta mánuði.

Í tilefni af alþjóðlegri fjármálalæsisviku 16.–22. mars tóku nemendur á unglingastigi grunnskóla um allt land þátt í keppni í fjármálalæsi sem lauk með sigri Garðaskóla. Í öðru sæti var Grunnskóli Fjallabyggðar og Vogaskóli í því þriðja. Þetta er níunda árið í röð sem keppnin er haldin.

Um er að ræða vefleik þar sem krakkarnir svara 48 fjölbreyttum spurningum um fjármál sem snúast m.a. um að geta reiknað vexti á lán og sparnað, að vita um hvað tryggingar snúast, þekkja réttindi og skyldur á vinnumarkaði, átta sig á lífeyrissparnaði og kunna ýmislegt um t.d. gengisveiflur og verðlagsþróun.

## Sem flestir spreyti sig

„Það er mjög ánægjulegt að sjá stóran skóla eins og Garðaskóla sem sigurvegara að þessu sinni þar sem liðsheildin skiptir sköpum. Markmiðið með keppni sem þessari er einmitt að leyfa sem flestum nemendum að spreyta sig á skemmtilegum spurningaleik um fjármál og minna um leið á áhersluna á gott fjármálalæsi,“ segir Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnisstjóri Fjármálavits sem er fræðsluvettvangur SFF um fjármálalæsi og stendur að keppninni.

## Fjármálafræðslan tekin föstum tókum

Um 2.000 nemendur í 50 grunnskólum um allt land tóku þátt, en metnaðurinn er mikill og samkeppnin fer vaxandi með hverju árinu.

„Það var mikill metnaður í keppendum, margir af efstu skólunum að skora mjög hátt og afar mjótt á munum. Við sjáum það á niðurstöðum undanfarin ár að skólarnir sem eru að skora hæst eru flestir að taka fjármálalæsi föstum tókum í kennslunni og þar skiptir hvatning kennaranna sköpum,“ segir Kristín enn fremur.

## Stoltir af nemendum

Andri Rafn Ottesen er einn af kennurum sigurvegaranna í Garðaskóla.



Nemendur Garðaskóla fengu bikar og 250 þúsund krónur í verðlaun fyrir að hafa farið með sigur af hólmi í Fjármálaleikunum.

VB MYND/ADSEND



Nemendur í Garðaskóla lesa bókina Fyrstu skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson, en Fjármálavitið hefur gefið 21.000 eintök af kennslubókum um fjármál til nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins á undanföllum árum.

VB MYND/ADSEND

„Við kennararnir í Garðaskóla erum mjög stoltir af nemendum okkar, en það voru 200 krakkar í 10. bekk sem tóku þátt í keppninni fyrir hönd skólans. Við tókum þá ákvörðun strax í haust að taka þetta föstum tókum. Við fundum að það var mikil samvinna meðal nemenda og það er einmitt það sem er gott, þau læra að ræða saman um fjármálin,“ segir Andri Rafn.

„Við höfum alltaf tekið stóra og mikla lotu í 10. bekk í fjármálalæsi en erum nú farin að færa

fræðsluna neðar í 8. og 9. bekk. Við sjáum að það munar miklu að krakkarnir séu komnir með grunn þegar þeir mæta í 10. bekk, en þá er farið vel í bókina Fyrstu skref í fjármálum sem við fáum frá Fjármálaviti. Okkur hefur fundist áhugi nemenda vera fljótur að koma þegar þeir fá tækifæri til að læra um fjármálin og að gera þau persónuleg eins og að láta þau spara fyrir einhverju sem þau langar í og hvað felst í því að vera í vinnu og fá laun svo eitthvað fátt sé nefnt.



Kristín Lúðvíksdóttir er verkefnisstjóri Fjármálavits, sem er fræðsluvettvangur SFF um fjármálalæsi.

Við erum með nemendur sem koma úr ólíkum aðstæðum. Það geta allir tengt við það hvað eru réttindi, hvað eru forréttindi og að peningar vaxi ekki á trjánum. Að læra grunn í fjármálum jafnar stöðu þeirra strax, því sá sem á pening þarf að viðhalda honum og sá sem skortir pening þarf að vinna fyrir honum.“

Þrír efstu skólarnir fá peningaverðlaun auk þess sem Garðaskóli verður fulltrúi Íslands í Evrópukeppni í fjármálalæsi sem fram fer 18. og 19. maí næstkomandi.

Auðvelt  
Öruggt  
Þægilegt

Nafn  
Númer kassa  
Innihald  
Geymslutími



2035090



## Við varðveitum gögnin þín

- Þú hringir í 587 9800 eða sendir okkur tölvupóst
- Við komum með tóma kassa og strikamerki
- Þú skráir gögnin, setur í kassana, límir strikamerkin á og lætur okkur vita
- Við komum og förum með kassana í örugga geymslu þar sem þú hefur alltaf aðgang að þeim
- Við þösum gögnin í vöktuðu rými við bestu aðstæður þangað til þú vilt fá þau aftur, skoða þau eða taka til þín



**Einfalt ekki satt**



**GAGNAGEYMSLAN**

Gagnageymslan ehf. · Smiðshöfða 1, 110 Reykjavík · 587 9800  
www.gagnageymslan.is · gagnageymslan@gagnageymslan.is

# Geta skynsamlegar ákvarðanir skapað óskilvirkan fjármálamarkað?

Íslenskur fjármálamarkaður er lítill, þátttakendur fáir og einsleitir. Velta á markaði er takmörkuð, viðskipti fá og lítið þarf til að verð breytist mikið.

Oft er bent á að skýra megi veikleika á íslenskum fjármálamarkaði sé að einstakir þátttakendur hafi brugðist, meti stöðu sína rangt eða skorti framsýni. Slík greining er of einföld. Veikleiki markaðarins er ekki sá að markaðsaðilar hegði sér óskynsamlega, þeir haga sér skynsamlega miðað við markmið sín og þau skilyrði sem þeim eru sett. Vandinn er þannig kerfislægur: skynsamleg hegðun einstakra aðila skilar ekki ákjósanlegri niðurstöðu fyrir heildina.

**Hlutverk fjármálamarkaða**  
Meginhlutverk fjármálamarkaðar er að miðla fé. Ef miðlunin er óskilvirk verður fjármagnskostnaður hærri en ella, verðmyndun veikari, færri fjárfestingarkostir raunhæfir og minna svigrúm til nýsköpunar og vaxtar. Á endanum hefur það áhrif á framleiðni, hagvöxt og lífsskjör.

Á Íslandi er þetta álitaefni sérstaklega mikilvægt. Hagkerfið er lítið með eigin gjaldmiðil og fjöldi stórra þátttakenda á fjármálamarkaði takmarkaður. Í slíku umhverfi skiptir uppbygging og samsetning markaðarins meira máli en ella.

## Lífeyrissjóðirnir eru óstórir fyrir markaðinn

Lífeyrissjóðir eru langstærstu innlendu eigendur fjármagns. Þeir fara með megnið af langtímasparnaði þjóðarinnar og hafa umboðsskyldu gagnvart sjóðfélögum. Það er ekki hlutverk þeirra að tryggja fjölbreytni á markaði, styðja við skráningar nýrra félaga eða sjá til þess að nægt áhættufjármagn sé tiltækt fyrir fyrirtæki. Hlutverk þeirra er að hámarka ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Út frá því sjónarmiði er fullkomlega eðlilegt að þeir beiti varfærni, dreifi áhættu, og forðist að fjárfesta í



Marínó Tryggvason



Einsleitni dregur úr dýpt markaðarins, veikir verðmyndun og minnkar líkur á því að ólík sjónarmið og áhættusækni mætist á markaði.

eignum þar sem kostnaður við greiningu og framkvæmd er hár í hlutfalli við þá fjárhæð sem unnt er að ráðstafa og mögulegan ábata.

Við þetta bætast reglur um hámarksfjárfestingu í einstökum félögum og almenn varfærnis sjónarmið sem fylgja lögbundinni skynsemisreglu. Þá er velta á innlendum hlutabréfamarkaði það lítil að virk þátttaka í skammtímaverðmyndun eða endurmat á stöðum skilar oft takmörkuðum ávinningi fyrir stóra langtímaaðila. Niðurstaðan er ekki sú að lífeyrissjóðirnir hegði sér óskynsamlega, heldur að stærð þeirra og eðli umboðs þeirra geri þeim erfitt um vik að gegna því hlutverki sem fjölbreyttur hópur fjárfesta gegnir gjarnan á dýpri mörkuðum.

## Geta banka til útlána ræðst af fjármögnun

Sama má segja um bankana, sem eru í eðli sínu milliliðir þ.e. taka við fjármagni og lána það út til heimila og fyrirtækja. Til þess að slíkt kerfi virki sem skyldi þurfa þeir að hafa að-

gang að tiltölulega stöðugri og fyrirsjáanlegri fjármögnun. Á undanförunum árum hefur bönkum ekki tekist að fjármagna sig með langtímaútgáfu í íslenskum krónum, nema með sértrygðum skuldabréfum. Fjármögnun þeirra byggir því að verulegu leyti á innlánnum, það takmarkar getu bankakerfisins til langtímaútlána án þess að taka verulega áhættu.

Þegar þetta kemur saman með hærri (og hækkandi) sköttum en í flestum löndum, háum eiginfjárkröfum og öðrum varfærnis-skilyrðum sem stjórnvöld og Seðlabankinn telja nauðsynlegar m.a. með hliðsjón af fjármála-stöðugleika. Þannig blasir við að bankar hafa sterka hvata til að verðleggja áhættu varfærnislega og halda sig við útlán þar sem áhættan er sem best skilgreind og tryggingar skýrar. Þetta er skynsamleg hegðun en afleiðingin er jafnframt sú að langtímafjármögnun verður takmarkaðri, dýrari og í mörgum tilvikum skemmri en fyrir-tæki og heimili myndu kjósa.

## Heimilin bregðast líka rökrétt við

Heimilin haga sér einnig af skynsemi. Lögbundin iðgjöld í lífeyrissjóði eru há og því er stór hluti sparnaðar heimila í kerfi þar sem fjárfestingarákvarðanir eru teknar fyrir þeirra hönd. Það dregur úr þörf og hvata til þátttöku á verðbréfamarkaði. Við það bætist að skattalegir hvatar til annars sparnaðar eru litlir í samanburði við lífeyris-sparnað. Sterk hefð er einnig fyrir því að líta á fasteignir sem meginform sparnaðar og fjárhagslegs öryggis. Í litlu hagkerfi með eigin mynt, sögu um verðbólgu og sveiflukennnd vaxtakjör er sú hegðun skynsamleg.

Afleiðingin er þó sú að heimilin spara að verulegu leyti í gegnum lífeyrissjóði, innlán og fasteignir fremur en með beinni þátttöku á verðbréfamarkaði eða með beinni fjárfestingu í fyrirtækjum. Það dregur úr vægi smærri fjár-

fasta, minnkar fjölbreytni í fjármögnun og þrengir þann farveg sem annars gæti skapast fyrir nýsköpun, vaxtarfyrirtæki og skráningar félaga.

## Einsleitur markaður er veikur markaður

Aðrir innlendir stofnanafjárfestar eru tiltölulega smáir. Tryggingafélög gegna til dæmis minna hlutverki en víða annars staðar, meðal annars vegna þess hversu stórt og öflugt lífeyriskerfið er, en í mörgum löndum gegna tryggingafélög oft veigamiklu hlutverki í vörslu sparnaðar almennings. Erlendir fjárfestar hafa einnig takmarkaða aðkomu að innlendum markaði, ekki síst vegna stærðar hans, lítillar veltu og eigin gjaldmiðils. Þegar þessi atriði eru lögð saman verða fjárfestar og aðrir þátttakendur á markaði einsleitari en æskilegt væri.

Einsleitni dregur úr dýpt markaðarins, veikir verðmyndun og minnkar líkur á því að ólík sjónarmið og áhættusækni mætist á markaði. Á dýpri og skilvirkari markaði er líklegt að ef verð lækkar komi fram kaupendur sem áður töldu verðið of hátt og ef verð hækkar komi fram seljendur sem telja herra verð réttlæta sölu. Þannig styrkir fjölbreyttur hópur þátttakenda oft verðmyndun á markaði og minnkar sveiflur.

Á grunnnum og einsleitum markaði þarf hins vegar lítið til að verðbreytingar verði miklar. Lítið tilefni getur leitt til mikilla verðbreytinga, einfaldlega vegna þess að það skortir þátttakendur og það takmarkar getu markaðar til að vera vettvangur skodanaskipta. Slíkar sveiflur eru ekki aðeins tæknilegt atriði. Þær veikja verðmyndun, gera aðgengi að fjármagni ótryggara og draga úr trú markaðsaðila á því að verð endurspegli með eðlilegum hætti undirliggjandi verðmæti og áhættu. Það leiðir til þess að áhætta er ekki verðlögð með eðlilegum hætti og það dregur úr möguleikum til þess



að fjármagna hugmyndir og verkefni. Sem á endanum getur leitt til minni hagvaxtar og verri lífskjara en ella.

#### Stöðugleiki getur reynst kostnaðarsamur

Þá ber einnig að hafa í huga að stjórnvöld og Seðlabanki hafa sett leikreglur sem endurspeglar sögulega reynslu Íslands af fjármálalegum óstöðugleika og hafa lagt áherslu á varnarfærni. Háar eiginfjárkröfur og strangt regluverk hafa skýran tilgang: að draga úr kerfisáhættu og gera

fjármálakerfið þolnara gagnvart áföllum. Það er auðvelt að færa sterk rök fyrir þeirri stefnu en það breytir því ekki að stöðugleiki og skilvirkni fara ekki alltaf saman. Sé kostnaður við að halda stöðugleika of hár getur fjármálakerfið orðið öruggt í þröngum skilningi en lakara í því að sinna meginhlutverki sínu, þ.e. að miðla fjármagni með skilvirkum hætti. Það er ekki sjálfgefið að regluverk sem leggur mikla áherslu á varnarfærni leiði til hagkvæmni í ráðstöfun fjármagns.

#### Fjölbreytileiki er lykillinn að úrbótum

Kjarni málsins er því sá að veikleikar íslensks fjármálamarkaðar eru ekki vegna þess að markaðsaðilar hegði sér óskynsamlega eða af skammsýni. Veikleika hans má fremur rekja til þess að helstu aðilar haga sér í stórum dráttum skynsamlega innan kerfis sem samræmist ekki endilega hagsmunum heildarinnar. Lífeyris-sjóðirnir uppfylla skyldur sínar gagnvart sjóðfélögum. Bankarnir bregðast eðlilega við varðandi fjármögnunaruppbyggingu sína og regluverki. Heimilin haga sparnaði sínum með fyrirsjáanlegum hætti. Stjórnvöld og Seðlabanki sækjast eftir stöðugleika. En saman leiðir þetta til þess að kostnaður verður hærri, færri hugmyndir verða að veruleika, hagvöxtur minni en hann gæti verið og þar með lífskjör.

Af þessu leiðir að umbætur á íslenskum fjármálamarkaði ættu ekki að snúast um að þrýsta á einstaka aðila að haga sér óskynsamlega. Frekar ætti að leggja áherslu á að auka fjölbreytileika og fjölga þátttakendum á fjármálamörkuðum.

Gott fyrsta skref í þá átt væri

að heimila einstaklingum að ráðstafa valfrjálsum lífeyris-sparnaði með fjölbreyttari hætti en nú tíðkast. Með því væri unnt að auka beina þátttöku almennings á fjármálamarkaði og auka smám saman dýpt markaðarins.

Önnur leið væri að huga að hvötum til þess að sparnaður heimila væri fjölbreyttari en fyrst og fremst innlán og fasteignir. Hægt væri að endurvekja skattalega hvata til fjárfestinga í hlutabréfum, sjóðum og jafnvel í lengri skuldabréfum.

Fjölgun aðila gæti leitt til aukinna möguleika á útgáfu lengri skuldabréfa fjármálastofnana sem gæti auðveldað bönkum að veita fjölbreyttari langtímafjármögnun en til fasteignakaupa.

Hafa þarf í huga að fjármálakerfið gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Það er ekki síður nauðsynlegt en aðrir innviðir fyrir áframhaldandi hagvexti og lífskjörum. Verkefnið er því að byggja upp umhverfi þar sem skynsamleg hegðun hvers og eins leiðir einnig til betri niðurstöðu fyrir samfélagið í heild.



Höfundur er stofnandi ARMA Advisory.

# Atvinnuhúsnæði

## – Láttu okkur sjá um reksturinn!



eignaumsjon.is

Við erum leiðandi fyrirtæki í rekstri fjöleignarhúsa og atvinnuhúsnæðis og búum yfir víðtækri þekkingu og reynslu eftir aldarfjórðungs starfssemi.

- » Umsjón með fjármálum og fundum
- » Kostnaðarskipting og rekstraruppgjör
- » Rekstur og framkvæmdastjórn
- » Húsumsjón – reglubundið eftirlit
- » Húsbókin/MÍNAR SÍÐUR – upplýsingar fyrir stjórn og eigendur



Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

**EIGNA**umsjón  
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30 | Sími 585 4800 | 108 Reykjavík

# Á réttri leið

**M**eginverkefni stjórnvalda í efnahagsmálum hefur verið að ná tókum á ríkisfjármálunum og binda enda á langt tímabil hallarekstrar. Fjármálaáætlun fyrir árin 2027–2031 markar skýr tímamót: hallarekstri ríkissjóðs er hætt og skuldir lækka markvisst. Óveðursský í alþjóðahagkerfinu gera það að verkum að ekki er auðvelt að ná þessum markmiðum. Þau krefjast fórnar og erfiðra ákvarðana. Á sama tíma er enn meira aðkallandi en áður að ná þeim. Agi og festa er lykilatriði og það verður líka að halda sig við skynsöm markmið þegar á móti blæs.

## Háir vextir eru einkenni ójafnvægis

Ábyrg ríkisfjármál eru ein af undirstöðum stöðugleika í efnahagslífinu. Í fjármálaáætlun boða stjórnvöld að ríkisútgjöld lækki ár frá ári og verði ein þau minnstu í hlutfalli við verðmætasköpun hagkerfisins frá síðustu aldamótum. Þessi stefna í opinberum fjármálum er forsenda þess að vextir geti lækkað. Þannig styðja stjórnvöld best heilbrigðan vöxt í atvinnulífinu.

## Næsta hagvaxtarskeið krefst nýrra drifkrafta

Stýrivextir Seðlabankans hafa verið yfir 7% í þrjú ár og frá því fyrir faraldur hefur hagkerfið lítið sem ekkert vaxið þegar leiðrétt er fyrir fólksfjölgun. Því fer fjarri að hægt sé að ganga að því visu að næsta hagvaxtarskeið verði á sama eða svipuðum grunni eins og hið síðasta. Hagvöxtur undangenginna ára hefur að verulegu leyti byggst á fólksfjölgun og mikilli atvinnuþátttöku. Sú þróun er ekki trúverðugur drifkraftur bættra lífskjara til lengdar.

Til framtíðar þarf vöxtur að byggjast í ríkari mæli á þekkingu, hugviti og nýsköpun. Þar skipta fyrirtæki sem geta skapað verðmæti á alþjóðlegum mörkuðum höfuðmáli. Traust fjárfækni og fjármálaþjónusta fela í sér mikil tækifæri sem skipta miklu máli við að skapa sterkari og fjölbreyttari grunn undir hagvöxt framtíðar.

## Sparnaður er mikill og ráðstöfun hans skilvirk

Staða Íslands er að mörgu leyti frábrugðin stöðu margra annarra Evrópuríkja.



Daði Már Kristófersson



Það er hins vegar öflug fjármálaþjónusta sem ræður úrslitum um það hvort góðar hugmyndir dragi til sín fjármagn, hvort fyrirtæki komist á vaxtarstig og hvort sparnaður nýtist þar sem hann skapar mest verðmæti.

Sparnaðarstig er hátt og verulegur hluti sparnaðar verður til í einu öflugasta lífeyriskerfi heims.

Meginþorri sparnaðar heimila liggur ekki í innlánnum heldur vel dreifðum eignasöfnum sem fjármagna ýmist innlenda fjárfestingu og verðmætasköpun eða uppbyggingu eigna erlendis. Þessa sérstöðu þurfum við að verja og helst að gera enn betur.

## Skýr tækifæri til umbóta

Þótt staðan sé sterk eru samt skýr tækifæri til umbóta.

Til stendur að einfalda fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóðanna og rýmka magntakmarkanir á fjárfestingum þeirra. Jafnframt eru stjórnvöld að stíga skref til að draga úr hvata til fjárfestingar í íbúðarhúsnæði umfram aðra fjárfestingarkosti. Slíkir hvatar eru í senn til þess fallnir að ýta undir fasteignabólur og halda sparnaði fólks frá öðrum og jafnvel arðbærari fjárfestingarkostum sem styðja við verðmætasköpun og framleiðnivöxt.

Í þessu samhengi er athyglisvert hve hátt hlutfall viðbótarlífeyrissparnaðar, sem oft er einfaldlega kallaður séreignarsparnaður, er bundið í innlánnum og hversu lág ávöxtun hans hefur verið. Það undir-



stríkar að veruleg tækifæri eru til bættrar og hagkvæmari nýtingar þessa sparnaðar.

Athygli vekur einnig að þátttaka í séreignarsparnaði er mjög háð tekjum fólks. Þetta er sérlega eftirtektarvert í ljósi þess að séreignarsparnaður er eitt hagstæðasta sparnaðarform sem Íslendingum stendur til boða. Rannsóknir, bæði innlendar og erlendar, sýna jafnframt að margir sem ekki taka þátt vilji í raun gera það, en skráning eða skortur á upplýsingum standi í vegi. Umbætur sem styðja við aukna þátttöku í séreignarsparnaði hefðu að mörgu leyti sambærileg áhrif og aðhald í ríkisfjármálum; þær draga úr neyslu og styðja við lækkun vaxta, lægra raungengi og meiri samkeppnishæfni. Aukin þátttaka í séreignarsparnaði myndi einnig styrkja fjárhagslegt öryggi tekjulægra fólks eftir að starfsævi þess lýkur.

## Fjármálaþjónusta ræður úrslitum

Hið opinbera hefur hlutverki að gegna til að stuðla að skilvirkri miðlun sparnaðar og í þeim efnunum er ríkisstjórnin að taka stór skref. Það er hins vegar öflug fjármálaþjónusta sem ræður úrslitum um það hvort góðar hugmyndir dragi til sín fjármagn, hvort fyrirtæki komist á vaxtarstig og hvort sparnaður nýtist þar sem hann skapar mest verðmæti.

Ísland býr að sterkum grunnstöðum: miklum sparnaði, traustum ríkisfjármálum og hugviti á heimsmælikvarða. Verkefnið er að tryggja að þessir þættir vinni enn betur saman. Þá getur næsta hagvaxtarskeið byggst á aukinni framleiðni og stutt myndarlega við næstu lífskjarasókn.

# ÞÚ ERT ALLTAF Í FYRSTA SÆTI HJÁ OKKUR

Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu og traust samband við okkar viðskiptavini.

Þú velur þá leið sem hentar þér, persónulega þjónustu í beinum samskiptum við þinn þjónustufulltrúa og/eða þægilegar sjálfsafgreiðslulausnir eins og appið okkar.

**Komdu til okkar!**

EINFALT &  
ÞÆGILEGT  
MEÐ APPINU



SPARISJÓÐURINN

Fyrir þig og þína

[www.spar.is](http://www.spar.is)



# Er um við farin að vinna fyrir regluverkið?

**U**mfangsmikið og íþyngjandi regluverk getur hæglega dregið úr samkeppnishæfni Íslands. Á sama tíma er ljóst að skýrar og samræmdar leikreglur eru nauðsynlegar fyrir traustan og heilbrigðan fjármálamarkað og fjármálastöðugleika.

Úrlausnarefnið felst í því hvernig megi gera regluverkið og umgjörðina einfaldari, en ekki að slakað verði á nauðsynlegum kröfum heilbrigðs fjármálamarkaðar. Reglur á fjármálamarkaði eru orðnar það umfangsmiklar að flækjustigið getur eitt og sér orðið áhætta.

## Ofvaxið regluverk

Margar skynsamlegar breytingar hafa verið gerðar á regluverki á fjármálamarkaði á síðustu tveimur áratugum sem hafa styrkt stöðir þess fjármálamarkaðar sem við búum við í dag. Umfang Evrópureglna á fjármálamarkaði hefur þó haldið áfram að vaxa frá ári til árs og þar sem við tökum upp reglur í gegnum EES-samninginn hefur umfang löggjafar á fjármálamarkaði hérlendis margfaldast.

Sé horft til 2019–2024 hefur verið áætlað að um 13.000 nýjar reglur og leiðbeiningar hafi verið innleiddar í evrópskan bankarekstur, sem samsvarar um 15.000 blaðsíðum af reglum eða tvöfalt meira en bætist við á fimm ára tímabilinu á undan.

Fram hefur komið af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að á árunum 2018 til 2023 hafi nærri 700 reglur tengdar fjármálamörkuðum verið innleiddar í EES-samninginn, eða að jafnaði um 140 á ári hverju. Frá gildistöku EES-samningsins árið 1994 fram til ársins 2018 voru innleiddar 196 reglur á fjármálamarkaði eða innan við tíu á ári að jafnaði.

Á Seðlabankadeginum 2025 kom fram að á árunum 2020–2024 hefði verið sett 231 löggjöf, reglur og reglugerðir á fjármálamarkaði. Í ársriti Seðlabankans frá janúar 2026 kemur fram að árið 2025 hafi bæst við 9 lagabálkar, 6 reglugerðir, 27 reglur, 1 leiðbeinandi tilmæli, 5 viðmiðunarreglur og 2 viðmið.



# 50

Úttektir benda til þess að regluverk á evrópskum fjármálamarkaði telji um 95.500 blaðsíður eða á við 50 biblíur.

Alls eru þetta um 50 pappírar eða um einn á viku árið 2025. Það sama er uppi á teningnum að meðaltali á viku sé horft til 2020–2026. Til að gæta sanngirnna hefur eitthvað fallið niður af reglum og tilmælum á þessum tímabilum. Regluflóðið er þó slíkt að varla sér högg á vatni.

## Regluverkið má ekki vera áhætta í sjálfu sér

Heildarumfang regluverks á evrópskum fjármálamarkaði er verulega umfangsmikið. Úttektir benda til þess að regluverkið sé um 95.500 blaðsíður, rúmlega 16 milljón orð eða á við 50 biblíur. Það er þó ekki eins farið með löggjöf og bækur sem rykfalla í hillum til skrauts. Það þarf að skilja efnið og yfirfæra á flókna starfsemi.

MiFID II-regluverkið, sem innleitt er með lögum um markaði með fjármálagerninga, er gjarnan nefnt sem dæmi um um-

fangið. Regluverkið byggir á tilskipun, reglugerð, 45 tæknilegum stöðlum og yfir 100 öðrum skjölum. Við bætist innleiðing í landsrétt, með tilheyrandi laga-setningu, reglugerðum og leiðbeiningum.

Það er flókið verkefni að innleiða og yfirfæra slíkt regluverk inn í starfsemi. Það má líkja því við Tetris; Fyrirtæki tileinka sér efnið (reglur, tilmæli, tulkunar o.fl.), setja fram leiðbeiningar til framlínu, stjórnar og annarra, hanna og uppfæra tölvukerfi og vinna skýrsluskil. Það þarf síðan að tengja þetta allt saman í framkvæmd við það sem málið á endanum snýst um, að framkvæma viðskiptin sem eru forsenda þess að reglurnar séu yfir höfuð til. Allir kubbarnir þurfa að radast upp rétt. Ólíkt leiknum fylgja þó raunverulegar afleiðingar í formi viðurlaga ef mistök verða. Þar getur túlkun matskennndra reglna oft haft verulegar afleiðingar á rekstur fyrirtækja og markaðinn.

## Flækjustigið margsinnis viðurkennt

Forstjórar fjármálaeftirlita á Norðurlöndunum sendu sameiginlegt bréf til Evrópskra eftirlitsstofnana árið 2024 þar sem lýst var áhyggjum af umfangi og flækjustigi regluverks um fjármálastarfsemi innan Evrópusambandsins. Í júlí 2025 rituðu sömu aðilar bréf sem beindist að



Íris Björk Hreinsdóttir

“

Aðgengilegar, samræmdar og skýrar leikreglur á Evrópskum fjármálamarkaði eru forsenda fyrir auknum vexti og framleiðni.

mikilvægi einföldunar regluverksins.

Í pólitísku stefnuskjali framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir árin 2024–2029 er sett í forgang að einfalda regluverk og auka skilvirkni við innleiðingu. Sami tónn er sleginn í „áttavita“ um samkeppnishæfni Evrópu. Evrópsku bankasamtökin hafa bent á að veruleg áhætta sé á að ofregluvæðing sé til þess fallin að evrópskt fjármálakerfi standi hallari fæti en áður gagnvart Asíu og Bandaríkjunum.

Þessar áhyggjur voru settar í samhengi í skýrslum Enrico Letta og Mario Draghi. Í Letta-skýrslunni er lögð áhersla á að innri markaður Evrópu nýttist ekki til fulls vegna flókings og ósamræmds regluverks og Draghiskýrslan dregur fram að Evrópa standi frammi fyrir samkeppni við önnur hagkerfi þar sem aðgengi að fjármagni er betra, reglur einfaldari og fjármálamarkaðir dýpri. Niðurstaðan er skýr: Aðgengilegar, samræmdar og skýrar leikreglur á Evrópskum fjármálamarkaði eru forsenda fyrir auknum vexti og framleiðni. Einungis um 1/10 tillagna úr Draghiskýrslunni hefur verið hrint í framkvæmd og óljóst er ennþá hver ávinningur verður af svokölluðum Omnibus-pakka.

Hérlendis hefur ríkisstjórnin boðað einföldun í drögum að atvinnustefnu. Í umsögn SFF



um stefnuna styðja samtökin einföldun og telja hana forsendu þess að fjármálakerfið styðji við framþróun, nýsköpun og hagvöxt hérlendis.

### Sýnum gott fordæmi – tókum skref fram á við – hratt og vel

Þurfum við að bíða eftir Evrópu? Hvað getum við gert á Íslandi til þess að einfalda regluverkið og umhverfið?

Það sem af er þingvetri hafa SFF skrifað á fjórða tug umsagna um lagafrumvörp, stefnur, áform og reglugerðir. SFF hafa ítrekað minnt á mikilvægi ein-

földunar, að gætt sé að því að auka ekki flækjustig og blýhúða (gullhúða) ekki löggjöf hérlendis, nauðsyn þess að horfa til smæðar Íslands og að velja ekki mest íþyngjandi kröfurnar, sé val um vægari leið. Auk þess að minna á mikilvægi samtals við atvinnulífið. Fræðsla til markaðarins á nýrri löggjöf er einföldun, ef það næst fram sameiginlegur og skýr skilningur fjármálamarkaðar, löggjafans, neytenda og eftirlitsaðila.

SFF hafa bent stjórnvöldum á gullhúðun í löggjöf og hvar megi einfalda. Þrjú dæmi: Í fyrsta lagi eru reglur um kaupauka

meira íþyngjandi en samkvæmt ramma Evrópureglna og hefta því fyrirtæki í svigrúmi þegar kemur að launakjörum. Í öðru lagi ganga tiltekna kröfur vegna skilríkja í lögum um aðgerðir gegn peningabætti lengra en Evrópulöggjöfin gerir ráð fyrir. Erlendir aðilar reka ítrekað upp stór augu og telja að fyrirtækin hér skilji ekki reglurnar, þar sem þær ganga lengra en þær evrópsku. Í þriðja lagi hafa SFF í um áratug barist fyrir einföldun með laga-breytingum sem gera kleift að húsnaðislán og skuldbreytingar geti farið fram að fullu með raf-

rænum hætti, með því að setja lagaramma um rafrænar skulda-viðurkenningar. Fjármálamarkaður hefur verið í fararbroddi í stafrænum lausnum, en situr nú eftir hvað framangreint varðar þar til ráðist verður í að breyta lögum.

SFF hafa einnig talað fyrir því að með breytingu á lögum megi gera ýmislegt til þess að einfalda umhverfið og gera það meira aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta og neytendur, auk þess að efla hlutabréfamarkaðinn.

### Einföldun er framfaraskref en ekki skref aftur á bak

Tækifærin eru til staðar og jákvæð teikn eru á lofti meðal annars með boðaðri einföldun í eftirlitsframkvæmd Seðlabankans og evrópsku regluverki. Það þarf að bregðast hratt við. Með því að draga úr flækjum, setja fókus á það sem skiptir máli og beita forsjálni við innleiðingu evrópsks regluverks, styrkjum við samkeppnishæfni Íslands og byggjum áfram upp fjármálakerfi sem þjónar íslensku umhverfi.

*Höfundur er yfirlögfræðingur SFF.*



# Fáðu forskot.

Vb.is

Viðskiptablaðið

# Bakvinnsla er burðarás í gangverki fjármálafyrirtækja

**Þ**etta er bara bakvinnsla.“ Þessi setning hefur heyrst ótal sinnum á göngum fjármálafyrirtækja og þetta þekkja flestir sem unnið hafa í fjármálafyrirtæki. Hún er oft réttlætning fyrir því að fresta fjárfestingum, láta bakvinnslu-kerfi eldast, halda í handvirka ferla og treysta á reynslu starfsfólks bakvinnslunnar til að „redda þessu“.

Bakvinnslan er ekki sýnileg viðskiptavininum, og því virðist hún vera síðasti staðurinn sem þarf að hugsa um þegar reksturinn er annars staðar undir álagi. Staðreyndin er aftur á móti sú að bakvinnslan er vélin undir húddinu; ef hún er ekki öflug, vel smurð og með loft í dekkjunum, þá kemst billinn ekkert áfram.

Á síðustu misserum blasir við nýtt vandamál og samtímis verður þetta viðhorf varhugavert. Bakvinnsla fjármálamarkaða – uppgjör, verðbréfavarsla, upplýsingamiðlun, fyrirtækja-aðgerðir, innheimta, afstemmingar og eftirlit – er ekki lengur óvirkur stuðningur við starfsemina. Hún er mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki geti yfir höfuð starfað, vaxið og haldið trúverðugleika sínum.

## Þegar rekstraráhætta verður að markaðsáhættu, T + 1 og breyttir tímar

T+2 segir til um uppgjörssferil í verðbréfavíðskiptum þar sem uppgjör fer fram tveimur dögum eftir viðskiptadag. Þetta hefur verið megin regla í verðbréfauppgjöri um nokkurt skeið á Íslandi og hefur hjálpað markaðnum að bregðast við veikleikum geta komið upp í uppgjöri. Tafir í úthlutunum, rangar upplýsingar um vörslu eða tafir í afgreiðslu gjaldeyris geta verið leiðréttar degi síðar. M.ö.o. það hefur verið rúmur tími til að sópa upp villur og afleiðingar misjafnra vinnubragða.

Með styttingu uppgjörstíma yfir í T+1 þann 11. október 2027, sem Evrópa undirbýr nú af fullum þunga, hverfur þetta öryggisnet. Það verður einfaldlega lítill sem enginn tími til að bjarga hlutunum



eftir á. Uppgjörsbrestir geta magnast, lausafjárþörf verður ófyrirsjáanlegri og rekstrarleg frávík geta haft beinar afleiðingar á aðgang að markaði, mótaðila og fjármagni. Það sem áður var rekstraráhætta í bakvinnslu gæti orðið að markaðsáhættu.

## Gæði bakvinnslu gefa samkeppnisforskot

Í dag eru það ekki bara eftirlitsaðilar sem fylgjast með bakvinnslugetu fyrirtækja. Viðskiptavinir gera það líka, t.d. lífeyrissjóðir, rekstraraðilar sjóða og útgefendur meta æ oftast hvort mótaðili a) ræður við hraðari uppgjör, b) hefur sjálfvirkni í afstemmingum, c) getur veitt rauntímaupplýsingar um stöðu eigna og d) getur brugðist skjótt við frávikum án þess að stöðva viðskipti.

Viðhorf viðskiptavina til bakvinnslunnar færast til þeirra þjónustufyrirtækja sem þau eru í beinum samskiptum við og skiptir áreiðanleiki, sjálfvirkni og gagnsæi þar höfuðmáli.

## Gervigreind breytir eðli bakvinnslu

Á sama tíma er gervigreind að umbreyta því hvað telst „góð“ bakvinnsla. Þetta snýst ekki lengur um að ráða fleiri starfsmenn eða þjálfa fólk betur. Á næstu misserum mun innleiðing gervigreindar aðstoða rekstraraðila að spá fyrir um uppgjörsbresti áður en þeir verða að raunveruleika, greina mynstur í lausafjárþörf

innan dags, og greina áhættu þvert yfir kerfi og markaði í rauntíma.

Greinendur spá því að með innleiðingu gervigreindar muni eðli bakvinnslustarfa breytast í grundvallaratriðum. Mannauðurinn færast þá frá vélrænni úrvinnslu yfir í eftirlit, ákvarðanatöku og ábyrgð. Það má því sjá fyrir sér að fyrirtæki sem fjárfesta ekki í þessum umbreytingum sitji eftir með handvirka ferla sem einfaldlega skala ekki – hvorki undir álagi né vexti.

## Bakvinnsla sem mikilvæg ákvörðun

Það er því mikilvægt á þessum krossgötum gervigreindar og boðaðra breytinga á uppgjörstíma að átta sig á því að ákvarðanir um bakvinnslu og fjárfestingar í henni eru ekki lengur tæknilegar – þær skipta sköpum í öllum rekstri.

Ákvarðanir um uppgjörskerfi, afstemmingarlausnir, gagnagrunnsarkitektúr og sjálfvirkni munu móta það á hvaða markaði fyrirtæki getur starfað á auk þess að ákvarða hvaða mengi viðskiptavina fyrirtækið getur þjónað. Jafnframt þurfa bakvinnslur að geta brugðist hratt við breytingum á regluverki.

Innleiðing evrópureglugerða hefur reynst íslenskum fjármálafyrirtækjum þung og það á ekki síst við um bakvinnslur og þeirra starfsemi.

Ákvarðanir um bakvinnslu þarf að taka á vettvangi



Þórleifur Stefán Björnsson



Greinendur spá því að með innleiðingu gervigreindar muni eðli bakvinnslustarfa breytast í grundvallaratriðum.

stjórnar hvers félags og í samtali við sérfræðinga í bakvinnslu en ekki bara inn á upplýsingatæknideild.

## Niðurstaðan

Að kalla bakvinnslu „bara bakvinnslu“ árið 2026 er svipað og að kalla fjármálainnviði „bara tölvur“. Þetta viðhorf vanmetur hlutverk, áhættu þeirra og möguleika.

Bakvinnslan er orðin:

- mikilvægt hjól í gangverki fjármálakerfisins
- forsenda tæknilegrar nýsköpunar
- varnarlína gegn kerfisáhættu

Fyrirtæki sem fjárfesta í kerfum, ferlum og upplýsingatækni í bakvinnslu eru ekki að auka kostnað – þau eru að **tryggja aðgang að framtíðinni**.

Og þau sem gera það ekki? Þau munu komast að því of seint að þetta var aldrei „bara bakvinnsla“.

*Höfundur er framkvæmdastjóri T Plús hf. T Plús er vörslufyrirtæki sem varslar að jafnaði yfir 1000 ma.kr. og gerir upp rúman þriðjung af öllu uppgjöri sem fram fer í kauphöllinni fyrir hönd sinna viðskiptavina. Fyrirtækið er á Akureyri og 20 manns starfa hjá því.*

Góðan  
dag!

# Við leiðum fólk saman

Leit þín að starfi eða starfskrafti  
hefst og endar hjá Hagvangi.

Við gerum allt sem í okkar valdi stendur  
til að leiða saman fólk í atvinnulífinu af  
fagmennsku og trúnaði, með fyrsta  
flokks persónulega þjónustu að leiðarljósi.  
Þannig höfum við lagt okkar af mörkum  
í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár.

Halló

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)



HAGVANGUR



# Þú færð endurgreiðslu af tryggingum

Við látum fjármál og  
tryggingar vinna saman